

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Þriðjudaginn 12. júní 2007 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Kjör oddvita og varaoddvita.

Fyrir var tekið kjör oddvita og varaoddvita til eins árs.

Adolf H. Berndsen var kjörin oddviti með þremur atkvæðum en Sigríður Gestsdóttir fékk tvö atkvæði. Birna Sveinsdóttir var kjörin varaoddviti með þremur atkvæðum en Erla Jónsdóttir hlaut tvö atkvæði.

2. Nafn sveitarfélagsins.

Fyrir fundinum lá bréf kjörstjórnar Höfðahrepps dags. 13. maí sl. þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum skoðanakönnunar samhliða alþingiskosningum 12. maí sl. Í könnuninni var spurt hvort íbúar vildu að nafni sveitarfélagsins verði breytt og tekið upp nafnið Sveitarfélagið Skagaströnd í stað nafnsins Höfðahreppur. Niðurstaða skoðanakönnunarinnar voru eftirfarandi:

Auðir seðlar og ógildir:	8
Höfðahreppur:	60
Sveitarfélagið Skagaströnd:	190

Hreppsnefnd ræddi fram komna niðurstöðu en samþykkti síðan eftirfarandi bókun: Hreppsnefndarfundur haldinn 12. júní 2007 samþykkir að nafni sveitarfélagsins verði breytt og í stað nafnsins Höfðahreppur verði tekið upp nafnið Sveitarfélagið Skagaströnd. Miðað verði við að nafnabreytingin taki gildi frá og með 1. september 2007 að fengnu samþykkir félagsmálaráðuneytisins.

3. Samningur við Íslensk almannatengsl.

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Íslensk almannatengsl um ráðgjöf og við almannatengsl og gerð kynningarefnis.

Samþykkt samhljóða að ganga til samninga við fyrirtækið á forsendum fyrirleggjandi gagna.

Sigríður og Erla lögðu fram svohljóðandi bókun:

Undirritaðar vilja að eftirfarandi komi fram, verkefnið er brýnt og jákvætt en betra hefði verið að sjá þetta sem hluta af starfi atvinnuráðgjafa hjá sveitarfélaginu sem hefði búsetu á svæðinu og gæti fylgt þessu verkefni lengur úr hlaði sem og öðrum verkefnum sveitarfélagsins. Þannig hefði fjármunum verið betur varið að okkar mati heldur en að greiða 750.000 kr. í beina ráðgjöf til Reykjavíkur.

Sigríður Gestsdóttir (sign)

Erla Jónsdóttir (sign)

4. Dagskrá héraðsnefndarfundar.

Fyrir fundinum lá dagskrá héraðsnefndarfundar sem boðað hefur verið til 14. júní nk. Hreppsnefnd fór yfir þau mál sem liggja fyrir fundinum og ræddi þau. Ekki voru gerðar sérstaka ályktanir vegna málsins.

5. Samstarfssamningur sveitarfélaga á Norðurlandi vestra í menningarmálum.

Fyrir fundinum lá béf framkvæmdastjóra SSNV dags. 4. júní sl. þar sem greint er frá því að gerður hafi verið samstarfssamningur milli ráðuneyta mennta- og samgöngumála annarsvegar og Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hinsvegar á sviði menningarmála. Í bréfinu kemur fram að nauðsynlegt er að sveitarfélögin sem aðild eiga að menningarsamningnum staðfesti formlegan samstarfssamning sín á milli. Meðfylgjandi bréfinu voru drög að samningi sem óskað var eftir að sveitarfélögin tækju fyrir og staðfestu.

Hreppsnefnd ræddi sammingsdrögin en samþykkti síðan að fela oddvita að undirrita samninginn fyrir hönd hreppsnefndar.

6. Samþykkt um kattahald.

Fyrir fundinum lágu drög að samþykkt um kattahald sem sveitarstjóri kynnti. Hreppsnefnd ræddi fyrirliggjandi drög og komu fram nokkrar ábendingar og fyrirspurnir. Samþykktunum var síðan vísað til annarrar umræðu.

7. Bréf:**a) Skólahreysti 2007**

Í bréfinu er gerð grein fyrir keppni grunnskóla í skólahreysti og lýst í megindráttum tilgangi, markmiðum og hvernig að verkefninu hefur verið staðið. Þá er í grófum dráttum gerð grein fyrir fjárhagslegri stöðu verkefnisins og óskað eftir stuðningi við það.

Samþykkt að styðja við Skólahreysti með 30.000 kr framlagi.

b) Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 9. maí 2007.

Í bréfinu er fjallað um viðbragðsáætlun vegna sorphirðu komi til heimsfaraldurs innflúensu. Óskað er eftir að sveitarstjórnir hlutist til um að gerðar verði viðbragðsáætlanir og vísað til draga að slíkri áætlun sem unnin hefur verið af vinnuhópi á vegum Reykjavíkurborgar.

Sveitarstjóra falið að taka málið upp við Sorphirðu VH.

c) Björgunarsveitarinnar Strandar dags. 13. maí 2007.

Með bréfinu er leitað eftir stuðningi við björgunarsveitina vegna endurbóta á húsnæði félagsins og farið fram á 550 þús. kr. styrk.

Erindið var samþykkt.

d) Önnu M. Sigurðardóttur, dags. 7. júní 2007.

Með bréfinu er óskað eftir undanþágu frá samþykkt hreppsnefndar um húsaleigukjör kennara og farið fram á að afsláttur af leigukjörum geti gilt á

almennum markaði eins og á íbúðum sveitarfélagsins. Hreppsnefnd taldi ekki forsendur til að gera umbeðnar breytingar.

e) Húnakaupa hf, dags. 16. maí 2007.

Með bréfinu er tilkynnt um að Húnakaup hf hafi fallist á verðtilboð Höfðahrepps í sk. Kaupfélagstún.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að ganga frá kaupum á túninu.

f) Sveitarstjóra til sjávarútvegsráðuneytis, dag. 4. júní 2007.

Í bréfinu er gerð tillaga að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta á Skagaströnd.

Hreppsnefnd hafði fjallað um málið á vinnufundi og því var efni bréfsins til kynningar.

8. Fundargerðir:

a) Tómsunda- og menningarmálanefndar, 16. maí 2007.

Fundargerðin var samþykkt

b) Tómsunda- og menningarmálanefndar, 31. maí 2007.

Fundargerðin var samþykkt.

c) Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, 14. maí 2007.

Fundargerðin var til kynningar.

9. Önnur mál

Sveitarstjóri óskaði staðfestinga hreppsnefndar á vínveitingaleyfi til handa Gunnari Erni Sigurbjörnssyni, kt. 120185-2929 vegna Kaffihússins Bjarmaness.

Vínveitingaleyfið var staðfest.

Eitt mál var bókað í trúnaðarbók.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10³⁰

Adolf H. Berndsen
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

Sigríður Gestsdóttir
(sign)

Erla Jónsdóttir
(sign)

Halldór Ólafsson
(sign)

Magnús B. Jónsson
(sign)